

Ársuppgjör 2023

Orri Hauksson og Óskar Hauksson

20. febrúar 2024



Lykiltölur úr rekstri

	4F 2023	12M 2023
Tekjur	6.659 m.kr. 4F 2022: 6.233 m.kr.	25.741 m.kr. 12M 2022: 24.572 m.kr.
EBITDA*	1.614 m.kr. 4F 2022: 1.433 m.kr.	6.150 m.kr. 12M 2022: 5.949 m.kr.
EBITDA %*	24,2% 4F 2022: 23,0%	23,9% 12M 2022: 24,2%
EBIT*	634 m.kr. 4F 2022: 503 m.kr.	2.079 m.kr. 12M 2022: 2.745 m.kr.
Fjárfestingar	760 m.kr. 4F 2022: 1.269 m.kr.	3.671 m.kr. 12M 2022: 4.352 m.kr.
Nettó skuldir / 12M EBITDA*	0,95x 4F 2022: 0,58x	
Handbært fé	1.810 m.kr. 4F 2022: 3.721 m.kr.	
Eiginfjárhlutfall	52,1% 4F 2022: 68,9%	
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.469 m.kr. 4F 2022: 2.015 m.kr.	

* Án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.
Nettó skuldir innihalda vaxtaberandi skuldir að meðtöldum leiguskuldbindingum að frádrögnum handbæru fé og úttánum Símans Pay.






Rekstur



Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	4F			12M		
	2023	2022	%	2023	2022	%
Rekstrartekjur	6.659	6.233	6,8%	25.741	24.572	4,8%
Kostnaðarverð sölu	(4.119)	(3.874)	6,3%	(16.497)	(14.914)	10,6%
Rekstrarkostnaður	(1.906)	(1.656)	15,1%	(7.165)	(6.713)	6,7%
EBIT	634	703	-9,8%	2.079	2.945	-29,4%
Hrein fjármagnsgjöld	(120)	(389)	-69,2%	(392)	(546)	-28,2%
Tekjuskattur	(100)	67	-249,3%	(341)	(337)	1,2%
Hagnaður tímabils af áframhaldandi starfsemi	414	381	8,7%	1.346	2.062	-34,7%
Aflögð starfsemi	0	289	-100,0%	0	36.205	-100,0%
Hagnaður tímabils	414	670	-38,2%	1.346	38.267	-96,5%
EBITDA	1.614	1.633	-1,2%	6.150	6.149	0,0%
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi	0,15	0,08	87,5%	0,46	0,31	48,4%



Góð tekjuþróun á síðasta ársfjórðungi ársins

- Sjónvarpstekjur aukast um rúm 11%
 - Tekjur af Síminn Premium aukast um rúm 20%
 - Auglýsingatekjur aukast um tæp 28%
- Farsímatekjur aukast um tæp 8%
 - Reikitekjur aukast um tæp 30%
 - Um 2/3 af tekjuaukningu er aukning áskriftartekna

Kostnaðaraukning á milli ára er mikið til tengd auknum kostnaði frá fjarskiptabirgjum og hækkun afskrifta


- EBITDA án niðurfellingar sektar eykst um tæp 13% frá 4F 2022 og EBIT eykst um 26%
- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi hækkar umtalsvert
- Gangvirðistap af skuldabréfi í tengslum við sölu Milu var tæplega 400 m.kr. á 4F 2022

* EBITDA og EBIT í myndum eru án 200 m.kr. niðurfellingar stjórnvaldssektar á 4F 2022.

Tekjur eftir starfspáttum



Starfspættir	4F				12M			
	2023	2022	Breyting	%	2023	2022	Breyting	%
Farsími	1.656	1.535	121	7,9%	6.510	6.035	475	7,9%
Talsími	265	279	-14	-5,0%	1.100	1.342	-242	-18,0%
Gagnaflutningur	1.976	1.940	36	1,9%	7.939	7.591	348	4,6%
Sjónvarpsþjónusta	1.974	1.774	200	11,3%	7.440	6.722	718	10,7%
Vörusala	523	479	44	9,2%	1.784	1.838	-54	-2,9%
Annað	265	226	39	17,3%	968	1.044	-76	-7,3%
Samtals	6.659	6.233	426	6,8%	25.741	24.572	1.169	4,8%



Tekjuaukning á milli ára er 4,8%

Sé horft fram hjá framlegðarlausri sölu á fjarskiptabúnaði til Mílu á 1F 2022 jukust tekjur Símans um 1.260 m.kr. (5,1%) milli ára

Mestur tekjuvöxtur er áfram í sjónvarpi þar sem tekjur af Premium aukast um 20% og auglýsingatekjur um 16% á milli ára

- Á móti er samdráttur í erlendum stöðvum og Síminn Bío

Farsímaviðskiptavinum fjölgaði um 5.000 árið 2023

- Farsímaáskriftir fyrst innifaldar í pökkum árið 2023 sem hafði jákvæð áhrif á fjöldatölur
- Hátt í helmingur tekjuaukningar í farsíma er vegna reikitekna

Tekjur af gagnaflutningi enn stærsti tekjupóstur Símans og jukust þær um tæp 5% á milli ára

- Lítilsháttar fjölgun viðskiptavina varð á árinu

Talsímatekjur lækka um 18% en þessi fyrsta vara Símans dettur út úr starfspáttayfirliti félagsins á þessu ári.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu eykst um tæpar 900 m.kr.

- Aukinn kostnaður frá fjarskiptabirgjum enda verðbólga há og umræddur kostnaður að hluta verðtryggður

Afskriftir aukast um 868 m.kr. á milli ára eða rúm 27% vegna fjárfestinga í tæknibúnaði með stuttan afskriftatíma og sjónvarpsefni sem einnig er afskrifað hratt

Launakostnaður eykst um 3,7% á milli ára

Sölu- og markaðskostnaður eykst um tæp 9% á milli ára, einkum vegna aukins sölukostnaðar

Vaxtagjöld eru nálægt því að tvöfaldast á milli ára en vaxtatekjur aukast um 17%

- Nettó skuldir / EBITDA voru 0,95x í árslok 2023 samanborið við 0,58x í árslok 2022



Talsíminn kveður

Þessi fyrsta vara félagsins dettur út úr starfsþáttayfirliti á þessu ári en talsíminn hefur verið hluti af kjarnastarfsemi félagsins í 118 ár.

Talsími yfir hið gamla rásaskipta kerfi mun hverfa með öllu þann 1. mars 2024 en þá verður síðasta talsímastöðin lögð af og öll símtöl yfir talsíma munu því fara í gegnum nýjustu kynslóð talsímakerfa sem byggja á VOIP tækni.





Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur


Eignir	31.12.2023	31.12.2022
Rekstrarfjármunir.....	2.552	2.466
Leigueignir.....	732	941
Óefnislegar eignir.....	21.047	22.122
Aðrar eignir.....	431	580
Fastafjármunir	24.762	26.109
Birgðir.....	1.257	1.212
Viðskiptakröfur.....	2.279	2.045
Útlán.....	2.715	1.359
Aðrar skammtímakröfur.....	966	1.048
Verðbréf færð á gangvirði.....	0	15.687
Handbært fé.....	1.810	3.721
Veltufjármunir	9.027	25.072
Eignir alls	33.789	51.181

Skuldir og eigið fé	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé.....	17.600	35.261
Eigið fé	17.600	35.261
Vaxtaberandi skuldir.....	7.470	5.956
Leiguskuldbindingar.....	503	731
Viðskiptaskuldir.....	0	639
Tekjuskattskuldbinding.....	232	89
Langtímaskuldir	8.205	7.415
Vaxtaberandi skuldir.....	2.281	1.929
Viðskiptaskuldir.....	4.261	4.788
Næsta árs afborganir.....	276	251
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.166	1.537
Skammtímaskuldir	7.984	8.505
Skuldir og eigið fé alls	33.789	51.181


Hreinar vaxtab. sk. með leiguskuldb. og Pay útlánunum




Eiginfjárhlutfall



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA*



Arðsemi eigin fjár*



Hreinar vaxtaberandi skuldir taka tillit til útlána hjá Símanum Pay. Leiguskuldbindingar taldar með frá árinu 2019.

*Án stjórnvaldssektar sem greidd var 2020 og endurgreidd 2022.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi	4F 2023	4F 2022	2023	2022
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarhagnaður ársins.....	634	703	2.079	2.945
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	980	930	4.071	3.204
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi.....	18	(1)	30	(57)
	<u>1.632</u>	<u>1.632</u>	<u>6.180</u>	<u>6.092</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....	(163)	383	(568)	2.042
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.469	2.015	5.612	8.134
Nettó greiddir vextir.....	(89)	196	(189)	(12)
Greiddir skattar.....	60	(325)	(570)	(882)
Handbært fé frá rekstri	1.440	1.886	4.853	7.240
Fjárfestingahreyfingar				
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(760)	(1.269)	(3.671)	(4.352)
Útlán Símans Pay.....	(367)	(328)	(1.272)	(576)
Sala á verðbréfum.....	0	(1.076)	15.685	31.789
Fjárfestingahreyfingar	<u>(1.127)</u>	<u>(2.673)</u>	<u>10.742</u>	<u>26.861</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Greiddur arður.....	0	0	(499)	(500)
Viðskipti með eigin bréf.....	(789)	(347)	(2.976)	(3.043)
Útgreitt hlutafé.....	0	(30.542)	(15.580)	(30.542)
Afborganir leiguskuldbindingar.....	(67)	(61)	(265)	(216)
Nettó breyting á lánum.....	373	1.598	1.852	412
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(483)</u>	<u>(29.352)</u>	<u>(17.468)</u>	<u>(33.889)</u>
Breytingar á handbæru fé.....	(170)	(30.139)	(1.873)	212
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....	1	8	(38)	0
Handbært fé í upphafi árs.....	1.979	33.852	3.721	3.509
Handbært fé í lok tímabilsins.....	<u>1.810</u>	<u>3.721</u>	<u>1.810</u>	<u>3.721</u>

Fyrir utan sölu skuldabréfs og lækkun hlutafjár voru litlar breytingar á efnahagsreikningi Símans árið 2023

Mikil hreyfing veltufjármuna í sjóðstreymi er að stórum hluta tengd sölu á Mílu

Síminn víkkaði útgáfuramma sinn á síðasta ári

- Áður var heimilt að gefa út víxla fyrir allt að 2 ma.kr. en víkkaður rammi er 6 ma.kr. fyrir bæði víxla og skuldabréf

Síminn lauk við fjórar víxlaútgáfur á síðasta ári


- 18. apríl 1.100 m.kr. á 8,87% flötum vöxtum - 0,48% álag
- 24. maí 900 m.kr. á 9,80% flötum vöxtum - 0,29% álag
- 17. október 1.400 m.kr. á 10,31% flötum vöxtum - 0,32% álag
- 29. nóvember 1.000 m.kr. á 10,29% flötum vöxtum - 0,31% álag

Til viðbótar gaf Síminn út skuldabréf að fjárhæð 1,5 ma.kr. sem er til þriggja ára á 1M REIBOR auk 1,3% álags



Fjárfestingar

Fjárfestingar




Fjárfestingar lækka um 680 m.kr. á milli ára og eru við lægri enda útgefinnar spár

- Fjárfesting í sýningarréttum lækkar um 560 m.kr. á milli ára sem skýrist aðallega af því hvernig fjárfesting í sýningarréttum að ensku úrvalsdeildinni fellur til yfir samningstímabilið, sem hófst árið 2022
- Fjárfestingar í tæknilegum innviðum þ.m.t. endabúnaði (myndlyklar, beinar) lækka um 122 m.kr. eða 7% á milli ára
- Síminn Pay fjárfesti í fjártækninýjungum fyrir 98 m.kr. sem er lækkun um 24 m.kr. á milli ára


Spá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir frekari lækkun fjárfestinga, eða á bilinu 100 – 500 m.kr., einkum vegna minni fjárfestinga í sýningarréttum

Fjárfestingar móðurfélags

Þróun 2019 - 2023



Fjárfestingar í innviðum





Um starfsemina





Síminn kaupir þrjú félög á auglýsingamarkaði

Í janúar undirritaði Síminn kaupsamning um kaup á öllu hlutfé í þremur tengdum fyrirtækjum á auglýsingamarkaði

Síminn hefur verið að þróa auglýsingakerfi í sjónvarpi sem gerir viðskiptavinum kleift að beina auglýsingum á ákveðna markhópa og svæði, sem hefur í för með sér að auglýsingarnar eru markvissari fyrir viðskiptavinum Símans

Kaupin munu styrkja enn frekar þjónustuframboð Símans á auglýsingamarkaði og mun Síminn fá enn frekara tækifæri til að þróa og víkka út auglýsingaþjónustu sína

Heildarvirði fyrirtækjanna nemur 5.150 m.kr. og verða kaupin fjármögnuð með hlutfé í Símanum að andvirði 1.000 m.kr. og handbæru fé

Áætlað er að ársvelta Símans aukist um 1.450 m.kr. og EBITDA um 800 m.kr. á ársgrundvelli án áhrifa af IFRS 16

Viðskiptin eru háð hefðbundnum fyrirvörum og samþykki Samkeppniseftirlitsins en samrunaáætlun hefur verið send eftirlitinu



**Tengjumst
á besta
farsímakerfinu**



Besta upplifunin er á farsímakerfi Símans

Uppbygging öflugs farsímadreifikerfis í samstarfi við Mílu og Ericsson heldur áfram

- Sendistaðir farsíma voru 670 talsins á landinu öllu
- Um síðustu áramót voru 135 5G sendar komnir í notkun og fjölgaði þeim því um rúmlega 50 á árinu 2023
- Afkastageta og drægni á 4G sendum aukin á næstum 80 stöðum á landinu
- Mikil aukning var á gagnaflutningi um farsímakerfi Símans á árinu, en aukning á milli ára var tæplega 50%
- Síminn fékk nýlega úthlutað 4G og 5G tíðnum til 20 ára

Síminn brást hratt við þegar óróa fór að gæta á Reykjanesi

- Sendar í nágrenni Grindavíkur og Svartsengis voru tvítengdir við farsímamiðjur, bæði með ljósleiðurum og örbylgju, til að tryggja sem best samband ef stofnleiðir að sendistöðum skyldu rofna
- Náið samstarf við HS Orku og farið í aðgerðir til að tryggja örugga fjarstýringu orkuinnviða
- Varaafslvélar voru einnig settar á svæðin til að tryggja styttra viðbragð ef rafmagn færi af svæðinu, sem svo raungerðist samhliða eldsumbrotum
- Unnið í góðu samstarfi við Mílu, Neyðarfjarskipti og önnur fjarskiptafélög til að tryggja sem best fjarskipti við þessar aðstæður





Frábært ár í Sjónvarpi Símans

Aldrei fleiri áskrifendur að Sjónvarpi Símans Premium og hún þannig stærsta innlenda áskriftarveitan

Metáhorf á árinu

- 15% aukning á milli ára
- Yfir milljón spilanir í hverri viku á árinu sem leið

IceGuys var vinsælasti þáttur ársins, allir þættirnir um strákasveitina settu áhorfsmet ásamt því að samstarf við HBO hefur vakið mikla lukku

Síminn frumsýndi fjórar leiknar innlendar þáttaraðir af þeim sex sem voru framleiddar á landinu öllu

- Í ár verða sex þáttaraðir af ellefu framleiddar af Símanum






Útlán Símans Pay aukast verulega

Útlán Símans Pay voru 3 milljarðar króna um áramót

- Nettó útlánaaukning ársins nemur 1,2 ma.kr. – tæplega 70%
- Útlán Léttkaupa dragast saman og er þriðjungur útlána vegna þeirra um síðustu áramót





Nýtt fyrirtækjakort Símans Pay á leiðinni

Nýtt fyrirtækjakort sett á markað á næstu vikum

- Fyrirtækjakortið er eingöngu rafrænt og því virkjað um leið og umsókn hefur verið samþykkt
- Stjórnendur fá fullkomna stjórn á utanumhaldi allra korta fyrirtækisins og hafa rauntímayfirsýn á notkun þar sem allar færslur verða sýnilegar á þjónustuvef
- Korthafar eru auðkenndir með rafrænni auðkenningu sem tryggir að kortið sé einungis notað af réttum aðilum
- Tími sem fer í flokkun og bókanir á færslum minnkar um 95% þar sem allar færslur eru flokkaðar sjálfvirkt um leið og þær eru framkvæmdar






Hluthafar



Hluthafar



Hluthafar 13.2.2024	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	16,62%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	254.877.095	9,18%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	253.771.439	9,14%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	215.422.187	7,76%
Gildi - lífeyrissjóður	149.446.085	5,39%
Birta lífeyrissjóður	105.467.528	3,80%
Stapi lífeyrissjóður	104.151.623	3,75%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	88.830.504	3,20%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	85.825.521	3,09%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	65.306.152	2,35%
10 stærstu hluthafar	1.784.292.304	64,30%
Aðrir hluthafar	713.208.696	25,70%
Samtals útistandandi hlutir	2.497.501.000	90,00%
Eigin bréf	277.499.000	9,99996%
Heildarhlutafé	2.775.000.000	100,00%



Arður, endurkaup og lækkun hlutafjár

- Greiddur var tæplega 500 m.kr. arður 31. mars 2023
- Sama dag var hlutafé félagsins lækkað um 1.440 m.kr. með 15,6 ma.kr. greiðslu til hluthafa að teknu tilliti til eigin bréfa
- Þann 21. mars var tilkynnt um framkvæmd endurkaupaáætlunar upp á 1 ma.kr. og lauk henni þann 17. júlí sl.
- Þann 18. júlí var tilkynnt um nýja áætlun að fjárhæð 1 ma.kr. sem lauk 19. janúar sl.
- Endurkaup ársins 2023 námu samtals 2.976 m.kr.

Hluthafar voru 1.027 í lok árs 2023 og fækkaði um 175 á árinu

Hlutabréf Símans lækkuðu um 7% á árinu 2023, en frá áramótum hefur gengi hlutabréfa hækkað um 4,5%



Horfur 2024



Afkomuspá fyrir árið 2024

Reiknað með talsverðum afkomuvexti á árinu

- Gert er ráð fyrir tekjuvexti í öllum lykilvörum
- Talsímatekjur munu dragast mikið saman
 - Verða ekki lengur sýndar sérstaklega sem starfsþáttur í uppgjörum ársins
- Innviðakostnaður mun hækka enda verðtryggður að hluta auk þess sem fjölgun viðskiptavina Símans kallar á aukin kaup frá helstu birgjum
- Gert er ráð fyrir að aðrir kostnarliðir breytist lítið á milli ára

Fjárfestingaspá ársins er 3,2 – 3.5 ma.kr. sem er töluverð lækkun á milli ára

- Lækkun einkum vegna lækkandi fjárfestinga í sýningarréttum
- Fjárfestingar í fjarskiptainnviðum aukast á milli ára
- Afskriftir verða nokkuð háar á árinu 2024 vegna mikilla fjárfestinga í sjónvarpsefni árin 2022 og 2023, en fara þó minnkandi frá árinu 2023 þegar þær náðu hámarki.

EBITDA	6,4 - 6,7 ma.kr.
EBIT	2,5 - 2,8 ma.kr.
Fjárfestingar	3,2 – 3,5 ma.kr.*



Viðaukar

Lýsing starfspáttá

Farsími: Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta.

Talsími: Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Gagnaflutningur: Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.

Sjónvarp: Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.

Vörusala búnaðar: Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Annað: Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.

Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

